

Ár 2024, þriðjudaginn 29. október, er í dómstól ÍSÍ, í málinu nr. 8/2024:

Skautafélag Reykjavíkur (SR)

gegn

Íshökkísambandi Íslands (ÍHÍ)

uppkveðinn svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Mál þetta úrskurðar Halldór Frímannsson, dómari í dómstól ÍSÍ.

Kæran ásamt fylgiskjöllum samkvæmt málaskará var móttækin af skrifstofu ÍSÍ 28. október 2024, þar sem kærandi gerir eftirfarandi kröfur:

Stjórn SR gerir þá kröfu að úrskurður aganefndar ÍHÍ í máli nr. 1 frá 6. október 2024, (sjá fylgiskjal nr. 4) verði felldur úr gildi.

Til vara, ef dómurinn fellst ekki á aðalkröfu stjórnar SR, gerir stjórn SR þá kröfu að aganefnd ÍHÍ verði gert að taka málið aftur til efnislegrar meðferðar og úrskurðar en áður en til þess komi verði brýnt fyrir aganefndinni að kynna sér reglur reglugerðar nr. 8 sem gilda um störf aganefndar ÍHÍ og fylgja þar með þeim málsmeðferðarreglum sem gilda um starfsemi nefndarinnar.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar ÍHÍ um agamál segir eftirfarandi:

Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

Samkvæmt þessu ákvæði heyrir málið ekki efnislega undir dómstólinn. Einnig verður ráðið af gögnum málsins að sérstakar ástæður (formgallar) eru ekki fyrir hendi til að veita leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn á grundvelli gr. 24.2 í lögum ÍSÍ.

Með vísan til þessa er málinu vísað frá dómstól ÍSÍ.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Halldór Frímannsson (sign)

Dómari

Samkvæmt gr. 35.3 í lögum ÍSÍ er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.